



14. maí 2009

-FRÉTTATILKYNNING-

Mjög ásættanleg rekstrarniðurstaða í ársreikningi Mosfellsbæjar fyrir árið 2008

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2008 var kynntur á 512. fundi bæjarstjórnar miðvikudaginn 13. maí 2009 og honum vísað til seinni umræðu sem er fyrirhuguð er 27. maí.

Rekstur sveitarfélagsins á árinu 2008 gekk vel – ekki síst ef miðað er við aðstæður í þjóðfélaginu á síðasta ársfjórðungi. Rekstrarafgangur af A-hluta að undanskildum fjármagnsgjöldum var 414 milljónir króna. Fjármagnsgjöld voru tæpar 439 milljónir og er því rekstrarhalli á A-hluta sem nemur rúmum 25 milljónum á árinu 2008. Veltufé frá rekstri var 402 milljónir og handbært fé frá rekstri var 541 milljón.

Mosfellsbær eru þakklátur starfsfólki á þeim fjölmörgu stofnunum sem tilheyra Mosfellsbæ fyrir þá ráðdeild sem sýnd hefur verið á því samdráttarskeiði sem við göngum nú í gegnum. Brugðist var við af mikilli ábyrgð og hagsýni strax í október þegar ljóst var í hvað stefndi í kjölfar bankahrunsins. Þau viðbrögð skila sér í ársreikningnum og er það starfsfólki Mosfellsbæjar að þakka hve vel tókst til með rekstur stofnana bæjarins á síðasta ári þrátt fyrir miklar verðlagshækkanir og krefjandi rekstrarumhverfi.

Mosfellsbær hefur ekki, frekar en önnur sveitarfélög, farið varhluta af efnahagsástandinu. Þrátt fyrir að hafa verið vel í stakk búið til að bregðast við utanaðkomandi erfiðleikum ollu fjármagnsgjöld því að rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð. Samt sem áður r lánasafn Mosfellsbæjar að stórum hluta í íslenski mynt.

Mosfellsbær er ekki skuldsett bæjarfélag og notaði góðærið til að greiða niður lán. Ekki höfðu verið tekin langtímalán síðan árið 2004. Þetta var gert meðal annars til þess að búa svo um hnútana að hægt yrði að mæta hremmingum kæmu þær upp.

Mosfellsbær er sjöunda fjölmennasta sveitarfélag landsins með um 8400 íbúa og hefur þeim fjölgað um 57% á síðustu tíu árum. Í aðeins einu öðru sveitarfélagi á landinu, Álftanesi, hefur íbúum fjölgað hlutfallslega meira en í Mosfellsbæ á síðasta áratug.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Mosfellsbæ og er áformað að reisa þrjá nýja skólar á næstu árum. Krikaskóli, sem er skóli fyrir 1-9 ára börn, verður tekinn í notkun um næstu áramót og áætlað er að nýr framhaldsskóli verði byggður innan tveggja ára en hann tekur til starfa í bráðabirgðahúsnæði í haust. Þá er stefnt að því að byggja nýjan Leirvogstunguskóla, sem einnig verður fyrir 1-9 ára börn, um leið og þörf fyrir hann verður. Jafnframt tók Mosfellsbær yfir rekstur

Íþróttamiðstöðvarinnar Lágafells í lok síðasta árs og er því ný og glæsileg sundlaug að fullu komin í eigu bæjarins.

Stefna Mosfellsbæjar hvað varðar framkvæmdir í því efnahagsástandi sem við búum nú við eru þær að áfram verður haldið með þær framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem þegar eru hafnar en ekki verður ráðist í nýjar framkvæmdir nema fjármögnun þeirra sé tryggð á viðunandi kjörum.

Að meðtöldum B-hluta stofnunum var neikvæð rekstrarniðurstaða upp á 168 milljónir króna. Skýrist það af vaxtagjöldum og gengistapi upp á um 694 milljónir.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri segir: „Ljóst er að rekstrarumhverfi sveitarfélaga er mjög erfitt um þessar mundir og eru mörg sveitarfélög mjög illa stödd. Nýverið hafa stór sveitarfélög birt ársreikninga sína og mörg þeirra hafa því miður verið að skila nokkurra milljarða rekstrarhalla. Þetta sýnir hversu starfsumhverfið er viðkvæmt og hve nauðsynlegt er að gæta aðhalds, útsjónarsemi og varfærni á tímum sem þessum.

Það er ánægjulegt fyrir íbúa Mosfellsbæjar að fjárhagsstaða bæjarsjóðs sé sterk þrátt fyrir aðstæður í þjóðfélaginu og að sveitarfélagið sé í stakk búið til að takast á við tímabundin áföll. Hinu ber þó ekki að leyna að ástandið er krefjandi og að tekjur sveitarfélaga, þar með talið Mosfellsbæjar, eru að lækka verulega vegna aukins atvinnuleysis og lækkandi tekna íbúa. Því er nauðsynlegt að taka erfiðar ákvarðanir á tímum sem þessum og hluti af þeim birtist í fjárhagsáætlun ársins 2009.“

-ENDIR-

Meðfylgjandi:

Ársreikningur Mosfellsbæjar 2008.

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar 2008.

Lykiltölur úr efnahagsreikningi Mosfellsbæjar 2008.

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar sl. 7 ár.

Ársreikning bæjarsjóðs Mosfellsbæjar má nálgast á heimasíðu bæjarins www.mos.is undir liðnum stjórnsýsla.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dögg Auðunsdóttir, forstöðumaður kynningarmála hjá Mosfellsbæ, s. 894 9050/525 6708 sigridurdogg@mos.is Sjá nánar: www.mos.is

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar 2008

Rekstrarreikningur ársins 2008				
(í milljónum króna)	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Raun	Áætlun	Raun	Áætlun
Rekstrartekjur:				
Útsvar og fasteignaskattar	3.211	3.171	3.211	3.171
Framlög Jöfnunarsjóðs	299	308	299	308
Aðrar tekjur	758	643	1.140	1.009
Rekstrartekjur samtals	4.268	4.122	4.650	4.488
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	2.101	2.043	2.117	2.058
Annar rekstrarkostnaður	1.638	1.539	1.814	1.719
Afskriftir	117	102	183	167
Rekstrargjöld samtals	3.857	3.684	4.115	3.944
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	411	438	535	544
Fjármagnsgjöld	439	470	694	695
Tekjuskattur	(2)	0	9	0
Rekstrarniðurstaða	(25)	(32)	(168)	(150)

Úr efnahagsreikningi Mosfellsbæjar 31.12.2008				
(í milljónum króna)	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	2008	2007	2008	2007
Eignir:				
Fastafjármunir	6.829	4.571	8.028	5.786
Veltufjármunir	773	778	586	693
Eignir samtals	7.601	5.349	8.615	6.479
Skuldir og eigið fé:				
Skuldir og skuldbindingar	5.285	3.123	5.918	3.730
Eigið fé	2.316	2.226	2.697	2.749
Skuldir og eigið fé samtals	7.601	5.349	8.615	6.479

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar síðustu sjö ár - Sveitarsjóður A-hluti

<i>Í krónum á íbúa</i>	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002
Rekstur:							
Skatttekjur	414.440	359.904	326.885	288.951	267.774	249.894	225.192
Aðrar tekjur	89.504	84.741	67.138	103.405	49.164	40.670	28.435
Laun og launatengd gjöld	248.127	215.205	217.938	185.490	175.454	174.256	167.215
Annar rekstrarkostnaður	193.414	148.214	118.610	97.929	93.991	91.669	97.772
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(51.869)	415	(19.726)	(8.012)	(5.600)	(12.758)	4.802
Rekstramiðurstaða	(3.031)	69.177	25.455	75.791	29.514	(671)	(18.845)
Efnahagur:							
Eignir	897.525	656.508	663.870	629.852	614.124	610.612	585.198
Eigið fé	273.507	273.202	199.351	182.254	112.349	85.469	88.083
Skuldir og skuldbindingar	624.018	383.306	464.519	447.598	501.775	525.143	497.115
Sjóðstreymi:							
Veltufé frá, (til) rekstrar	47.499	61.405	62.920	48.754	44.832	25.335	(16.096)
Handbært fé frá (til) rekstrar	63.906	38.172	76.899	49.099	54.119	14.241	(18.765)
Aðrar lykiltölur:							
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við langtímaskuldir, mælt í árum	8,14	3,91	4,56	6,46	8,46	15,70	0,00
Veltufjárlutfall	0,46	1,12	1,04	1,41	1,02	0,91	0,43
Eiginfjárlutfall	0,30	0,42	0,30	0,29	0,18	0,14	0,15
Útsvarprósenta	12,94%	12,94%	12,94%	12,94%	12,94%	12,94%	12,65%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður	0,220%	0,225%	0,265%	0,360%	0,360%	0,320%	0,320%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður	1,320%	0,880%	0,440%				
Fasteignaskattsprósenta, C-liður	1,200%	1,200%	1,200%	1,200%	1,000%	1,000%	1,000%
Önnur atriði							
Breyting á íbúafjölda:	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002
Íbúafjöldi 1. desember	8.469	8.147	7.501	7.157	6.782	6.573	6.428
Breyting frá fyrra ári	4,0%	8,6%	4,8%	5,5%	3,2%	2,3%	2,1%